

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 4. desember 2024

Mál nr. E-3122/2023:

A

(Jóhannes Ásgeirsson lögmaður)

gegn

B,

vegna barnaverndarþjónustu C

D og

E

(Guðmundur Siemsen lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 8. nóvember 2024, var höfðað 10. nóvember 2023. Stefnandi er A, [...] í [...]. Stefndu eru B, vegna barnaverndarþjónustu (áður barnaverndarnefndar) C, [...] í C, og hjónin D og E, [...] í C.

Stefnandi krefst þess að viðurkennd verði með dómi óskipt skaðabótaskylda stefndu vegna þess tjóns sem hann varð fyrir á tímabilinu 26. október 2015 til 5. maí 2023 við meðferð barnaverndarmáls sem leiddi til þess að hann var sviptur forsjá barnanna F, kt. 000000-0000, og G, kt. 000000-0000, með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 16. júlí 2018. Þá krefst stefnandi þess að stefndu verði óskipt dæmd til að greiða honum miskabætur að fjárhæð 90.000.000 króna, með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 26. október 2015 til 8. nóvember 2023 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Loks krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu líkt og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndu krefjast aðallega sýknu af kröfum stefnanda og til vara verulegrar lækkunar á fjárkröfu hans. Þá krefjast stefndu málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Stefndi E krafðist þess í upphafi að öllum kröfum stefnanda á hendur honum yrði vísað frá dómi. Með úrskurði dómsins 3. maí 2024 var bæði viðurkenningarkröfu stefnanda, að kröfu stefnda E á hendur honum en án kröfu á hendur öðrum stefndu, og miskabótakröfu stefnanda á hendur stefnda E vísað frá dómi. Með úrskurði Landsréttar 25. júní 2024 var úrskurður dómsins þar að lútandi felldur úr gildi og lagt fyrir dóminn að taka umræddar kröfur stefnanda til efnismeðferðar.

I.

Helstu málsatvik

Mál þetta á rætur að rekja til barnaverndarmáls sem hófst í október 2015 þegar dóttir stefnanda lýsti í viðtali hjá sérkennslufulltrúa grunnskóla H ætluðum kynferðisbrotum stefnanda gagnvart henni. Viðkomandi sérkennslufulltrúi tilkynnti málið samdægurs til barnaverndarnefndar (nú barnaverndarþjónustu) C sem hafði samband við Barnahús og lögreglu. Var stefnandi í framhaldi af því handtekinn og úrskurðaður í fimm daga gæsluvarðhald. Þá voru bæði börn stefnanda, þ.e. umrædd dóttir hans og yngri bróðir hennar, vistuð tímabundið utan heimilis hjá stefndu D og E með samþykki móður þeirra, eiginkonu stefnanda, sem var þegar málið kom upp til meðferðar á [...] vegna kvíða og þunglyndis. Þegar umrætt barnaverndarmál hófst var stúlkan sjö ára að aldri og drengurinn fjögurra ára.

Framangreind vistun barnanna utan heimilis með samþykki móður þeirra stóð til 9. desember 2015. Móðir barnanna samþykkti ekki framlengingu á vistun þeirra og ákvað barnaverndarnefnd að beita neyðarráðstöfun samkvæmt 31. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og úrskurðaði um neyðarvistun þeirra til 18. sama mánaðar. Þegar sú vistun rann sitt skeið fóru börnin svo aftur í umsjá móður sinnar en stefnandi hafði þá flutt af heimili fjölskyldunnar. Áætlun um frekari meðferð málsins samkvæmt 23. gr. barnaverndarlaga var gerð 21. desember 2015, með áherslu á að börnin, einkum stúlkan, myndu ekki umgangast stefnanda meðan sakamálarannsókn stæði yfir, nema að takmörkuðu leyti og þá um jól og áramót. Eiginkona stefnanda naut á þessum tíma ýmiss konar aðstoðar og tilsagnar, tók á móti tilsjón á heimili sínu, gekkst þar undir óboðað eftirlit starfsmanna barnaverndarnefndar C og lýsti því jafnframt yfir að hún væri samstarfsfús í þágu dóttur sinnar.

Hinn 12. janúar 2016 barst barnaverndarnefnd C svo bréf frá sálfræðingi í Barnahúsi vegna meðferðar stúlkunnar þar. Í því bréfi kemur fram að staðan sé sú að stúlkan sé í samskiptum við meintan geranda sem sé faðir hennar, stefnandi þessa máls,

og njóti ekki stuðnings móður sinnar. Meðferðarviðtöl séu þar af leiðandi ekki líkleg til að skila árangri þar sem mikilvægt sé, þegar svo ung börn eigi í hlut, að umönnunaraðili taki þátt í meðferðarvinnunni og haldi áfram með hana á heimilinu.

Í framhaldi af framangreindu bréfi hófst umfangsmikil vinnsla á máli barna stefnanda hjá barnaverndarnefnd C líkt og framlögð gögn bera vott um. Til grundvallar þeirri vinnslu í upphafi lá einkum það mat barnaverndarnefndar að móðir barnanna væri ekki til samvinnu og sýndi dóttur sinni ekki viðhlítandi stuðning. Fór svo að börnin voru m.a. bæði ítrekað vistuð utan heimilis án samþykkis foreldra þeirra, fyrst eingöngu stúlkan, frá 3. febrúar 2016, og þegar á leið einnig drengurinn, frá 1. september 2016, á heimili stefndu D og E, auk þess sem ákveðnum úrræðum var beitt börnunum til stuðnings. Þeim var til að mynda skipaður talsmaður, auk þess sem þau gengust undir meðferðarviðtöl. Voru úrskurðir barnaverndarnefndar C um vistun barnanna utan heimilis ítrekað staðfestir af dómstólum, auk þess sem dómstólar úrskurðuðu um lengri tíma vistunar. Eftir að drengurinn var vistaður utan heimilis greindi hann einnig frá kynferðisbrotum stefnanda gagnvart sér. Var það í framhaldinu tilkynnt lögreglu.

Gefin var út ákæra á hendur stefnanda í mars 2017 þar sem honum voru gefin að sök kynferðisbrot gegn báðum börnum. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness 22. nóvember 2017 var stefnandi sýknaður af öllum sakargiftum. Í dóminum kemur m.a. fram að stefnandi hafi staðfastlega neitað sök, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi, og að framburður hans sé að mati dómsins á engan hátt ótrúverðugur. Þá séu engin gögn er styðji frásagnir barnanna um að stefnandi hafi beitt þau kynferðislegu ofbeldi. Í tilviki stúlkunnar var í því sambandi sérstaklega vísað til þess að framburður hennar fengi ekki stoð í vitnisburði þeirra lækna sem hefðu skoðað hana. Þá var í tilviki beggja barna vísað til þess að þegar skýrsla hafi fyrst verið tekin af þeim fyrir dómi með aðstoð sérfræðinga 29. október 2015, þremur dögum eftir að stúlkan hafi lýst ætluðum brotum fyrir áður greindum sérkennslufulltrúa, hafi hvorugt þeirra greint frá neinum brotum stefnanda gegn þeim. Einnig var litið til þess að þegar stúlkan gaf þann framburð sem byggt var á í ákæru hafi hún verið búin að vera samfelt vistuð hjá stefndu D og E í sex mánuði. Var það niðurstaða dómsins að ekki hefðu verið færðar viðhlítandi sönnur á, svo hafið væri yfir skynsamlegan vafa, sbr. 108. og 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, að stefnandi hefði gerst sekur um þá háttsemi sem honum væri gefin að sök í ákæru. Dóminum var ekki áfrýjað.

Eftir að ákæra á hendur stefnanda var gefin út, en áður en framangreindur dómur féll, ákvað barnaverndarnefnd C með bókun að gerð yrði krafa fyrir dómi um að foreldrarnir yrðu varanlega sviptir forsjá beggja barna. Stefndi B vegna barnaverndarnefndar C höfðaði svo mál á hendur stefnanda og eiginkonu hans 22. september 2017 og krafðist þess að þau yrðu svipt forsjá barnanna. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 16. júlí 2018 voru stefnandi og eiginkona hans svipt forsjá beggja barna. Þeim dómi var áfrýjað til Landsréttar sem ómerkti dóminn og vísaði málinu aftur heim í hérað.

Þegar málið var undir áfrýjun í Landsrétti úrskurðaði barnaverndarnefnd C 16. ágúst 2018 á grundvelli 4. mgr. 74. gr. barnaverndarlaga að umgengni barnanna við móður þeirra skyldi vera einu sinni í mánuði, tvo tíma í senn undir eftirliti þar til Landsréttur kvæði upp dóm sinn. Aftur úrskurðaði nefndin 10. maí 2019 á grundvelli sama lagaákvæðis að umgengni barnanna við móður skyldi vera óbreytt. Þá skyldu ömmur barnanna eiga kost á að taka þátt í umgengni móður við þau fjórum sinnum á ári, á stórhátíðum og afmælum. Á hinn bóginn skyldi engin umgengni vera við stefnanda. Úrskurðurinn gildi uns lokaniðurstaða dómstóla lægi fyrir um skipan forsjár barnanna.

Með nýjum dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 6. júní 2019 var svo komist að sömu niðurstöðu og í fyrri dómi. Var niðurstaða dómsins að verulegu leyti byggð á matsgerð I sálfræðings, dagsettri 12. maí 2018, sem dómkvaddur var undir rekstri málsins til að framkvæma mat á forsjárhæfni stefnanda og eiginkonu hans. Meginniðurstöður matsgerðarinnar voru þær að ýmislegt hefði mátt fara betur í umönnun og uppeldi barnanna. Veikleikar væru í forsjárhæfni beggja foreldra en erfitt væri að meta þá vegna þess hvernig málið væri vaxið og að ekki hefði náðst samvinna við þau í upphafi. Andleg vanlíðan eiginkonu stefnanda hefði haft áhrif á getu hennar til að sinna börnunum og sómuleiðis fjarvistir stefnanda vegna vinnu. Þá hefðu vaknað grunsemdir um kynferðisofbeldi stefnanda, sem flækt hefði málið, en börnin hefðu verið samkvæm sjálfum sér um að eitthvað hefði gerst. Þau óttuðust stefnanda og vildu ekki hitta hann. Útilokað hafi verið að meta tengsl barnanna við stefnanda með beinum hætti þar sem ekkert samband hafi verið á milli þeirra í langan tíma. Tengslamyndun eiginkonu stefnanda við börnin væri skert og þá einkum tengsl hennar við stúlkuna. Tengslarof hafi orðið þegar börnin hafi verið tekin af heimilinu og foreldrum nær algjörlega haldið fyrir utan umönnun þeirra síðustu tvö árin. Börnin hafi á þessum tíma myndað djúpstæð tengsl við vistforeldra sína, stefndu D og E og virðist upplifa þar öryggi, ást og hlýju. Enn fremur

er í niðurstöðukafla dómsins vísað til þess að í viðtali dómara við börnin hvort um sig hafi þau bæði lýst því að vilja búa áfram hjá stefndu D og E en vilji stúlkunnar að því leyti hafi þó verið einarðari en drengsins. Loks er niðurstaða dómsins rökstudd með því að ótti barnanna við stefnanda virðist af einhverjum ástæðum vera raunverulegur og að stúlkan treysti ekki móður sinni til að veita þeim fullnægjandi vernd. Þá eru í niðurstöðukafla dómsins gerðar margvíslegar athugasemdir við málsmeðferð barnaverndarnefndar C í málinu en þeir annmarkar þó ekki taldir þess eðlis að þeir gætu leitt til annarrar niðurstöðu. Var í því sambandi m.a. vísað til athugasemda sem Barnaverndarstofa hefði gert að því leyti, þess að nokkuð skorti á að vinnsla málsins hafi verið í samræmi við það hvernig standa eigi að könnun mála og gerð áætlana, börnin hafi um tíma verið vistuð á heimili sem ekki hafi haft tilskilin leyfi, starfsmenn barnaverndarnefndar C hafi ítrekað fjallað um meint brot stefnanda gagnvart börnunum eins og sönnuð væru áður en dómur hafi gengið og að móðir barnanna hafi ekki notið sannmælis hjá starfsmönnum barnaverndarnefndar og þeir lítið aðhafst til að styrkja tengsl hennar við börnin.

Umræddum dómi Héraðsdóms Reykjavíkur var einnig áfrýjað til Landsréttar. Með dómi Landsréttar 1. nóvember 2019 voru stefnandi og eiginkona hans sýknuð af kröfu stefnda B vegna barnaverndarnefndar C. Í niðurstöðukafla dóms Landsréttar kemur fram að framangreind niðurstaða héraðsdóms hafi að verulegu leyti byggt á frásögn barnanna við ýmsa aðila sem hafi verið í samskiptum við þau vegna málsins og að ekkert sé fram komið um að ótti stúlkunnar við stefnanda kunni að stafa af öðru en meintum kynferðisbrotum sem stefnandi hafi verið sýknaður af. Þá kemur fram að við mat á því hversu mikið vægi meintum vilja barnanna verði gefið í málinu þurfi að hafa í huga að börnin hafi verið lengi vistuð utan heimilis. Umgengni þeirra við móður hafi verið afar takmörkuð og við stefnanda nánast engin. Þá verði að meta hvort þau hafi aldur og þroska til að skilja langvarandi víðtækar afleiðingar þess að verða varanlega tekin úr forsjá foreldra sinna. Enn fremur þurfi að huga að því hvernig meintur vilji þeirra hafi myndast. Ætla megi að hann hafi mótast að einhverju marki af því að umgengni hafi lengst af farið fram undir eftirliti sem kunni að hafa átt þátt í að móta þann skilning þeirra að þeim sé ekki óhætt í umsjá móður sinnar án þess að utanaðkomandi aðili sé viðstaddur. Að þessu virtu geti vilji barnanna ekki ráðið úrslitum í málinu. Enn fremur er vikið að því að ekki fáist séð að marktækar tilraunir hafi verið gerðar til að auka umgengni barnanna við móður, styrkja forsjárhæfni hennar eða aðlaga börnin að heimili hennar né heldur að

skoðað hafi verið hvort forsendur hafi verið til þess að koma aftur á samskiptum barnanna við stefnanda eftir að sýknudómur féll. Þá hafi, líkt og fram komi í athugasemdum Barnaverndarstofu, málsmeðferðarreglur ítrekað verið brotnar við meðferð málsins. Taldi Landsréttur að þessu virtu óhjákvæmilegt að líta svo á að barnaverndarnefnd C hefði ekki sýnt fram á að ekki hafi verið unnt, eftir að sýknudómur féll, að beita öðrum og vægari úrræðum en varanlegri forsjáarsviptingu í málinu til þess að tryggja friðhelgi fjölskyldunnar og hagsmuni barnanna í samræmi við þau megin sjónarmið sem lög um barnavernd byggist á.

Í framhaldi af framangreindum dómi Landsréttar átti sér stað nokkur vinnsla á máli barna stefnanda hjá barnaverndarnefnd C með það fyrir augum að börnin mundu snúa aftur í umsjá foreldra sinna og aðlögun að því leyti. Voru börnin á meðan á því stóð áfram vistuð utan heimilis, fyrst án samþykkis og síðar með samþykki beggja foreldra þeirra, þar sem líðan barnanna þótti gefa tilefni til rúms aðlögunartíma.

Í málinu liggur frammi áætlun um meðferð máls samkvæmt 33. gr. barnaverndarlaga, dagsett 5. nóvember 2019, þar sem fram kemur að markmið hennar sé að vinna að aukinni umgengni stúlkunnar við móður með það fyrir augum að stúlkan flytji heim til hennar. Þá er þar gerð grein fyrir nánara fyrirkomulagi ráðgerðrar umgengni og tiltekið að umgengni skuli vera án eftirlits og til að byrja með vikuleg. Enn fremur sé fyrirhugað að fá viðtöl fyrir stúlkuna hjá sálfræðingi í því skyni að greina þann ótta sem hún lýsi við stefnanda og byggja upp traust hennar til móður. Loks segir þar að ekki sé gert ráð fyrir umgengni við stefnanda fyrr en aðlögun að heimili móður sé vel á veg komin enda neiti stúlkan að hitta hann. Þá liggja frammi skýrslur J félagsráðgjafa um umgengni barnanna við móður þeirra á tímabilinu frá 14. nóvember 2019 til 27. janúar 2020 sem af þeim að dæma var falið það hlutverk að vera viðstödd þegar móðir kom að sækja börnin á heimili stefndu D og E Af þeim skýrslum má ráða að það gekk í meginatriðum vel að sækja drenginn í umgengni en stundum gekk erfiðlega að sækja stúlkuna og fór hún af þeim sökum í einhverjum tilvikum ekki í fyrirhugaða umgengni.

Í málinu liggur enn fremur frammi samningur barnaverndarnefndar C við K félags- og fjölskylduráðgjafa um aðlögun beggja barna að heimili móður þeirra, dagsettur 19. desember 2019, og áætlanir hennar því viðvíkjandi, dagsettar 20. janúar og 1. mars 2020. Í fyrri áætluninni var ákveðið að stúlkan færi í umgengni til móður sinnar næstu þrjá mánudaga í tvo tíma í senn, drengurinn næstu þrjá miðvikudaga í þrjá tíma í senn og börnin svo bæði saman næstu þrjá laugardaga og sunnudaga í allt að fjóra og hálfan tíma

í senn. Í síðari áætluninni er því svo lýst að umrædd umgengni hafi gengið eftir að öðru leyti en því að í eitt skipti hafi stúlkan verið veik og því ekki farið í umgengni og að í tvö skipti hafi hún ekki viljað fara í umgengni. Þá kemur samandregið fram að sú umgengni sem fram hafi farið hafi gengið vel. Loks var í umræddri áætlun ákveðin umgengni næstu sex vikur með áþekkingu hætti og í fyrri áætlun, þó þannig að tími umgengni hverju sinni var lengdur auk þess sem ákveðið var að drengurinn skyldi í tvígang gista hjá móður.

Framlögð gögn bera með sér að börnin hafi á þessum tíma bæði verið einörð í þeirri afstöðu sinni að vilja búa áfram á heimili stefndu D og E. Þá bera framlögð gögn með sér að stúlkan hafi á þessum tíma jafnan lýst því að hún teldi hæfilegt að fara í umgengni til móður sinnar einu sinni í mánuði sem og á hátíðisdögum en að hún vildi ekki eiga samskipti við stefnanda. Drengurinn hafi hins vegar lýst því að hann vildi gjarnan fara oftár í umgengni til móður sinnar. Framlögð gögn bera ekki með sér að drengurinn hafi á þessum tíma verið inntur sérstaklega eftir því hvort hann vildi eiga samskipti við stefnanda.

Barnaverndarnefnd C óskaði eftir leyfi til að áfrýja framangreindum dómi Landsréttar til Hæstaréttar. Hæstiréttur veitti áfrýjunarleyfi 17. desember 2019 á þeim grunni að málið hefði verulegt almennt gildi á viðkomandi réttarsviði, einkum að því er varðaði hversu mikið vilji barns ætti að veða í málum er snertu það með tilliti til aðstæðna allra. Með dómi Hæstaréttar 10. mars 2020 voru stefnandi og eiginkona hans svo svipt forsjá beggja barna. Í dómi réttarins er m.a. vísað til þess að í málinu liggi fyrir fjölmörg gögn ýmissa fagaðila um stefnanda, eiginkonu hans og börn þeirra, þar sem fram komi upplýsingar um líðan barnanna, heilsu þeirra og þroska á þeim tíma sem um ræði. Þá hafi börnin reglulega lýst vilja sínum um málefni sín, þar á meðal um búsetu og umgengni við foreldra sína. Af þessum gögnum verði með engum hætti dregin önnur ályktun en að börnin hafi við alla meðferð málsins verið afdráttarlaus um að þau vilji ekkert samneyti eiga við stefnanda. Beri gögnin með sér að þau óttist hann og hafi það verið álit dómkvadds matsmanns að sá ótti væri þeim raunverulegur. Jafnframt hafi börnin allan þann tíma sem þau hafi búið hjá stefndu D og E lýst þeirri afstöðu sinni að þar líði þeim vel og vilji búa þar áfram. Þá taldi rétturinn með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum, einkum mati dómkvadds matsmanns sem ekki hefði verið hnekkt, ljóst að upplifun beggja barnanna bæri með sér verulegan ótta við stefnanda. Taldi rétturinn gögn málsins, einkum matsgerð dómkvadds matsmanns, enn fremur bera með sér að forsjárhæfni eiginkonu stefnanda væri skert og vandséð að henni væri unnt að byggja upp tengsl og

traust við börnin að nýju. Þá hefðu börnin sýnt sterkan vilja til að búa áfram hjá stefndu D og E. Í dómi Hæstaréttar var tekið undir þær athugasemdir sem gerðar voru á fyrri dómstigum við meðferð málsins hjá barnaverndarnefnd C, auk þess sem rétturinn taldi ýmsa ágalla vera á dómi Landsréttar.

Eftir uppkvaðningu dóms Hæstaréttar 10. mars 2020 var þeirri vinnu sem hafin var samkvæmt framansögðu með aðstoð K félags- og fjölskylduráðgjafa þegar í stað hætt og af gögnum málsins verður ekki ráðið að börnin hafi farið í umgengni til móður sinnar aftur fyrr en eftir að barnaverndarnefnd C úrskurðaði um umgengni 23. desember 2020. Í þeim úrskurði var kveðið á um að umgengni barnanna við móður þeirra skyldi vera fjórum sinnum á ári í sex klukkustundir í senn og að engin umgengni skyldi vera við stefnanda. Var sú umgengni barnanna við móður sína sem fram fór í kjölfarið fyrst undir eftirliti en þegar á leið án eftirlits, auk þess sem hún var aukin. Framlögð gögn bera með sér að eftir því sem umgengni jókst hafi afstaða barnanna til áframhaldandi búsetu á heimili stefndu D og E breyst umtalsvert og þau viljað snúa aftur í umsjá móður sinnar og taka upp samskipti við stefnanda.

Stefnandi og eiginkona hans kvörtuðu til Mannréttindadómstóls Evrópu og töldu framangreindan dóm Hæstaréttar brjóta gegn rétti þeirra samkvæmt 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu sem væri m.a. ætlað að vernda rétt fjölskyldu til að búa saman á heimili, þ.m.t. rétt foreldra til að fara með forsjá og annast uppeldi barna sinna án utanaðkomandi afskipta frá stjórnvöldum. Í málinu héldu stefnandi og eiginkona hans því m.a. fram að niðurstaða Hæstaréttar hefði verið byggð á því að ásakanir um kynferðisbrot stefnanda hefðu verið sannar. Í dómi Mannréttindadómstóls Evrópu 15. nóvember 2022 komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið brotið gegn rétti stefnanda og eiginkonu hans samkvæmt framangreindu ákvæði. Mannréttindadómstóllinn taldi Hæstarétt hafa tekið tillit til þess að stefnandi hefði verið sýknaður í áður nefndu sakamáli. Þá taldi dómstóllinn ekki ástæðu til að hnekkja því mati Hæstaréttar að skilyrði til forsjárviptingar hefðu verið uppfyllt enda hefði það mat verið byggt á umfangsmiklum fyrirbyggjandi gögnum, þ.m.t. matsgerð dómkvadds matsmanns sem aflað hefði verið eftir að sýknudómur í umræddu sakamáli gekk, auk þess sem dómstóllinn taldi afskipti barnaverndaryfirvalda hafa verið í samræmi við lög.

Hinn 4. apríl 2022 höfðaði eiginkona stefnanda mál gegn stefndu í þessu máli sem stefnandi gekk inn í með höfðun meðalgöngusakar 20. september sama ár. Í málinu kröfðust þau þess í meginatriðum að fóstursamningi barnaverndarnefndar C við stefndu

D og E um fósturvistun barna stefnanda og eiginkonu hans yrði hnekkt og þeim falin forsjá barnanna að nýju. Undir rekstri þess máls var bæði aflað undirmatsgerðar og yfirmatsgerðar um forsjárhæfni stefnanda og eiginkonu hans.

L sálfræðingur komst í meginatriðum að þeirri niðurstöðu í undirmatsgerð sinni, dagsettri 3. janúar 2023, að eiginkona stefnanda væri hæf til að fara með forsjá barnanna og að stefnandi hefði burði til að efla hæfni sína að því leyti svo fremi sem fram færi markviss meðferðarvinna og aðlögun að samskiptum barnanna við hann á þeirra forsendum. Þá er í undirmatsgerðinni lýst versnandi líðan barnanna á heimili stefndu D og E og vilja þeirra til að snúa aftur í umsjá móður sinnar og til að taka upp samskipti við stefnanda, auk þess sem lýst er slakri heilsufarslegri, námslegri og félagslegri stöðu þeirra heilt yfir.

Í yfirmatsgerð sinni, dagsettri 17. apríl 2023, komust M og N sálfræðingar að sömu meginniðurstöðu varðandi forsjárhæfni stefnanda og eiginkonu hans. Þá kemur fram að tengsl beggja barna við móður sína séu jákvæð og sterk og hið sama gildi um tengsl drengsins við stefnanda. Þau vilji bæði afdráttarlaust snúa aftur í umsjá móður sinnar og eiga í samskiptum við stefnanda. Í yfirmatsgerð er aukinheldur lýst neikvæðu viðhorfi barnanna til stefndu D og E og áframhaldandi búsetu á heimili þeirra sem og slökum tengslum við þau. Þá er er haft eftir stúlkunni að stefnda D hafi sagt henni hvað hún ætti að segja í viðtölum sem og að hún minnst þess ekki að hafa einhvern tímann sagst líða betur hjá þeim en hjá móður sinni og telji líklegast að hún hafi smám saman farið að trúá því sem stefnda D hafi sagt um foreldra hennar. Enn fremur kemur fram að drengurinn hafi tekið í sama streng. Loks kemur fram að niðurstöður yfirmatsmanna varðandi alla matsliði styðji sterklega að breyting á forsjá sé réttmæt. Að endingu gera yfirmatsmenn margvíslegar athugasemdir við vinnslu málsins á fyrri stigum, þar á meðal ófullnægjandi rannsókn ákveðinna atriða og að umgengni barnanna við móður sína hafi verið skert þrátt fyrir að sú takmarkaða umgengni sem fram hafi farið hafi gengið vel sem og að umgengni við stefnanda hafi verið engin þrátt fyrir sýknudóm yfir honum.

Umræddu máli stefnanda og eiginkonu hans gegn stefndu lauk með dómsátt 5. maí 2023 þar sem m.a. er kveðið á um að stefnandi og eiginkona hans skuli fara sameiginlega með forsjá barnanna. Börnin sneru aftur í umsjá móður sinnar án teljandi aðlögunar um miðjan maí 2023 en stefnandi vék af sameiginlegu heimili þeirra fyrst um sinn. Hann kom svo aftur inn á heimilið í lok þess mánaðar og býr fjölskyldan nú öll saman.

Með bréfi til barnaverndarþjónustu C, dagsettu 16. október 2023, upplýsti stefnandi að hann hefði í hyggju að höfða mál gegn stefndu og krefjast viðurkenningar á skaðabótaskyldu þeirra. Krafan væri m.a. byggð á því að starfsmenn barnaverndarnefndar C hefðu ekki sinnt starfsskyldum sínum og að stefndu D og E hefðu átt þátt í röngum ásökunum og framburði barnanna. Þá var óskað eftir því að stefndu hefðu samband við stefnanda vildu þau ganga til samninga um framangreint. Af framlögðum gögnum verður ekki ráðið að stefndu hafi brugðist við bréfi stefnanda. Stefnandi höfðaði svo mál þetta, sem fyrr greinir, 10. nóvember 2023.

II.

Málsástæður stefnanda

Stefnandi byggir á því að stefndu hafi öll stuðlað að og tekið þátt í röngum framburði dóttur hans, F, og þannig blekkst dómstóla með þeim afleiðingum að stefnandi var borinn þungum sökum og sviptur forsjá beggja barna sinna. Sé þar annars vegar um að ræða lögreglurannsókn, gæsluvarðhald, ákæru og sakamárameðferð sem lokið hafi með sýknudómi Héraðsdóms Reykjaness 22. nóvember 2017. Hins vegar sé um að ræða málsmeðferð barnaverndarnefndar (nú barnaverndarþjónustu) C sem leitt hafi til málaferla fyrir dómstólum og endað með dómi Hæstaréttar 10. mars 2020. Loks hafi þeirri niðurstöðu verið kollvarpað með dómsátt 5. maí 2023 sem í reynd feli í sér viðurkenningu á saknæmri háttsemi barnaverndarnefndar C og starfsmanna hennar við meðferð málsins sem og ekki síður augljósa saknæma og ólögmæta háttsemi stefndu D og E. Í því sambandi megi og líta til þess að stefndu D og E hafi verið valin til starfans af stefnda B og fengið greiddar verulegar fjárhæðir fyrir aðkomu sína að málefnum barna stefnanda. Beri stefndi B þannig húsbóndaábyrgð á saknæmri og ólögmætri háttsemi þeirra. Þá sé enginn vafi á að framburður sonar stefnanda, G, hafi í meginatriðum verið búinn til af stefndu enda hafi bæði yfirmatsmennirnir M og N og Héraðsdómur Reykjaness í dómi sínum í fyrrgreindu sakamáli lýst miklum efasemdum um sannleiksgildi hans. Einnig komi skýrt fram í framlögðum matsgerðum, t.d. yfirmatsgerð framan- greindra sálfræðinga, að stefnda D hafi sagt dóttur stefnanda hvað hún ætti að segja. Telja verði hafið yfir allan vafa að stefndi E hafi vitað um þessa háttsemi stefndu D.

Þá byggi stefnandi á sérfræðiábyrgð en þar sé um að ræða sérstaka beitingu sakar- reglunnar, sem leiði til strangari ábyrgðar en ella. Sérfræðiábyrgð sé reist á því að gera megi ríkari kröfur til vandaðri vinnubragða og aðgæslu hjá sérfræðingum. Að lágmarki

séu gerðar þær kröfur að vinnan sé vel og fagmannlega af hendi leyst. Starfsmaður barnaverndarnefndar C hafi tekið við frásögn stefndu D af ætluðum kynferðisbrotum stefnanda án þess að kanna sjálfstætt sannleiksgildi þeirra. Þá sé alveg ljóst að barnaverndarnefnd C hafi á engan hátt brugðist við þegar frásagnir hafi farið að berast af því að börnunum liði ekki vel hjá stefndu D og E. Þá hafi þau á engan hátt brugðist við athugasemdum í forsendum áður greinds dóms Héraðsdóms Reykjaness. Það hefði verið hægt að koma í veg fyrir þennan harmleik hefði barnaverndarnefnd C brugðist strax við og kannað málið sjálfstætt. Í stað þess hafi málið undið upp á sig og orðið að þeim harmleik sem raun beri vitni. Það sé engum vafa undirorpið að stefndi B beri ábyrgð á þeim sem hann ráði til starfa. Þá sé ljóst að barnaverndarnefnd C hafi gróflega vanrækt eftirlitsskyldur sínar og ekki athugað sjálfstætt samskipti barnanna og stefndu D og E heldur tekið athugasemdalaust og án nokkurs eðlilegs fyrirvara við skýrslum þeirra um afstöðu barnanna til foreldra sinna, einkum stefnanda. Allt hafi þetta leitt til þess að hann hafi verið sviptur forsjá barna sinna.

Stefnandi reisi kröfur sínar á því að verulega hafi skort á að barnaverndarnefnd C hafi gætt að lögum og reglum við málsmeðferðina. Vegið hafi verið með ólögætum hætti að stjórnarskrárvörðum réttindum stefnanda til friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu, sbr. 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttinasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Brotið hafi verið gegn mikilvægum öryggis- og verklagsreglum, svo sem rannsóknarreglu, meðalhófsreglu og reglu um leiðbeiningarskyldu stjórnvalda. Brot gegn þessum tveimur fyrstu reglum leiði til þess að réttum lögum að sönnunarbyrði um orsök tjóns snúist við, stjórnvaldinu í óhag.

Þá vísi stefnandi til þess að enda þótt barnaverndaryfirvöld kunni að hafa heimild til að hefja rannsókn ef grunur sé um ofbeldi þurfi í öllum tilvikum að gæta hófs í slíkum aðgerðum og freista þess að lágmarka tjón af slíkri rannsókn og aðgerðum barnaverndaryfirvalda, sbr. t.d. dóm Landsréttur í máli nr. 421/2019. Um þetta segi svo í útdrætti réttarins: „Enn fremur lá fyrir að Barnaverndarstofa hafði gert alvarlegar athugasemdir við meðferð málsins fyrir BC þar sem málsmeðferðarreglur voru ítrekað brotnar af hálfu BC. Í dómi Landsréttar var talið að með hliðsjón af 71. gr. stjórnarskrár, 8. gr. mannréttinasáttmála Evrópu og 7. mgr. 4.gr. barnaverndarlaga væru ríkar skyldur lagðar á barnaverndarnefndir til að kanna til hlítar hvort grundvöllur sé til þess að halda fjölskyldunni saman og eftir atvikum hvort það sé unnt með viðeigandi stuðningsúrræðum barnaverndaryfirvalda ef talið er að á skorti forsjárhæfni foreldra. BC hefði

ekki sýnt fram á að ekki hafi verið unnt að beita öðrum og vægari úrræðum en varanlegri forsjársviptingu í málinu sbr. 2. mgr. 29. gr. barnaverndarlaga ...“

Athafnir jafnt sem athafnaleysi barnaverndarnefndar C leiði til skaðabótaskyldu á tjóni stefnanda. Gengið hafi verið svo langt að hafna allri umgengni barnanna við stefnanda þótt átta ár væru liðin frá því að málið hafi komið upp og að þessi afstaða og málsmeðferð í kjölfarið hafi verið í beinni andstöðu við niðurstöðu Mannréttindadómstóls Evrópu líkt og ítrekað hafi verið bent á. Vart þurfi að rökstyðja hversu alvarlegan og varanlegan skaða þessi háttsemi barnaverndarnefndar C hafi haft á stefnanda. Miski stefnanda verði ekki lagfærður þótt miskabætur verði dæmdar háar enda um að ræða tíma sem aldrei komi aftur og mannorðsmissi sem illa verði bættur. Miskinn sé allsérstakur og líkist helst miska sem menn verði fyrir við langa fangelsisvist án réttmætrar sakar. Megi því um fjárhæð miskabóta líta til dóma og sáttargerða um bætur í slíkum tilvikum. Það athugist þó að sakir um brot sem þessi leiði til mun meiri miska en fangelsisvist án réttmætrar sakar fyrir ýmsar aðrar tegundir brota. Nægi í því sambandi að nefna alkunna umræðu um menn sem bornir séu slíkum sökum. Í tilviki stefnanda hafi ásakanirnar sannanlega verið alvarlegar og rangar og fengið byr undir báða vængi í málsmeðferð barnaverndarnefndar C þar sem viðeigandi lög og reglur hafi verið að engu hafðar.

Tjón stefnanda felist í því að hann sem faðir barnanna hafi verið grunaður, frelsis-
sviptur og ákærður fyrir alvarleg kynferðisbrot gegn þeim, sem ekki hafi reynst á rökum reist. Hann hafi þurft að þola yfirheyrslur sem sakborningur hjá lögreglu, gæsluvarðhald, húsleit á heimili sínu þar sem lagt hafi verið hald á tölvu hans og ýmis persónuleg gögn, og loks vistun barna sinna utan heimilis í á áttunda ár. Þann tíma hafi stefnandi verið aðskilinn frá börnum sínum og honum meinað að umgangast þau með tilheyrandi andlegri vanlíðan og álagi. Til þessa hefði aldrei þurft að koma ef eðlilega og löglega hefði verið haldið á rannsókn og málsmeðferð af hálfu barnaverndarnefndar C. Aðfarir stefndu hafi þannig falið í sér ólögmetta meingerð gegn stefnanda sem hafi staðið yfir árum saman með tilheyrandi álitshnekki og andlegri vanlíðan.

Með vísan til umfangs tjónsins og þeirra hagsmuna sem í húfi séu geri stefnandi kröfur um miskabætur samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 að fjárhæð 90.000.000 króna. Þegar ákvarða skuli fjárhæð miskabóta til stefnanda beri ekki aðeins að líta til þess langa tíma sem honum hafi verið meinað að hitta börn sín, heldur einnig þeirrar fáheyrðu andlegu og líkamlegu vanlíðanar sem fylgt hafi atlögunni að

honum. Það hafi verið svívirðilegar ávirðingar sem hann hafi að lokum verið hreinsaður af. Eðli máls samkvæmt verði að ákveða fjárhæð miskabóta að álitum, enda ekki í íslenskri réttarframkvæmd að finna fordæmi eða aðferð við útreikning slíkra bóta. Ráðist fjárhæð miskabóta af aðstæðum hverju sinni. Mál þetta hafi hafist með gæsluvarðhaldi stefnanda 27. október 2015 og ekki lokið fyrr en börnin hafi snúið aftur í umsjá foreldra sinna í kjölfar áður nefndrar dómsáttar. Þegar litið sé til fjárhæðar dæmdra miskabóta í dómum Landsréttar í málum nr. 250/2020 og 638/2020 og dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-2877/2021 telji stefnandi umkrafðar miskabætur hæfilegar.

Skilyrði fyrir sönnun tjóns með viðurkenningarkröfu í dómsmáli séu aukinheldur augljóslega uppfyllt með hliðsjón af framangreindu. Miski stefnanda og heilsutjón sé augljóst og yfirmáta sem og vinnutap stefnanda og annar kostnaður sem hann hafi haft af málinu líkt og framlögð gögn beri vott um. Lögmannskostnaður og sálfræðikostnaður nemi umtalsverðum fjárhæðum. Þá nemi vinnutap vegna málsins háum fjárhæðum en stefnandi hafi af augljósum ástæðum verið frá vinnu í a.m.k. einn mánuð. Þar sem tjónið liggi fyrir og byggt sé á því að starfsmenn barnaverndarnefndar C og stefndu D og E hafi öll viðhaft saknæma og ólögmeða háttsemi skipti ekki öllu að fjalla nánar um skiptingu sakar sem sé með sínum hætti sameiginleg hjá þeim öllum.

Framangreindu til frekari stuðnings vísar stefnandi einkum til b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, almennu sakarreglunnar, meginreglna stjórnisýsluréttar og meginreglu íslensks skaðabótaréttar um vinnuveitendaábyrgð. Kröfu sinni um málskostnað til stuðnings vísar hann svo til 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

III.

Málsástæður stefndu

Stefndu byggja á því að engum skilyrðum sé að lögum fullnægt til að fallist verði á viðurkenningarkröfu stefnanda um að stefndu beri óskipta skaðabótaábyrgð á meintu fjártjóni stefnanda eða kröfu hans um miskabætur úr hendi stefndu.

Kröfur stefnanda gagnvart stefndu byggja á röngum og ósönnuðum fullyrðingum hans um að „[...] stefndu öll, [...], hafi stuðlað að og tekið þátt í röngum framburði F og þannig blekkt dómstóla með þeim afleiðingum að [stefnandi] var borinn þungum sökum og sviptur forsjá“, eins og það sé orðað í stefnu. Vísi stefnandi þar annars vegar til lögreglurannsóknar, gæsluvarðhalds stefnanda, ákæru og sakamálameðferðar, og hins vegar til málsmeðferðar barnaverndarnefndar (nú barnaverndarþjónustu) C.

Fullyrðingar stefnanda að þessu leyti eigi ekki við nokkur rök að styðjast heldur beri gögn málsins þvert á móti með sér að upphaf málsins megi rekja til frumkvæðis stúlkunnar, F, sem lýst hafi kynferðisbrotum stefnanda gagnvart henni í viðtali hjá sérkennslufulltrúa í grunnskóla, sem barnaverndarnefnd (nú barnaverndarþjónusta) C hafi brugðist við með forsvaranlegum og eðlilegum hætti í samræmi við barnaverndarlög og hefðbundið verklag, málið hafi m.a. verið tilkynnt til lögreglu sem hafi tekið málið til rannsóknar og saksóknari í kjölfarið höfðað sakamál á hendur stefnanda.

Hvorki barnaverndarnefnd C né stefndu D og E hafi með nokkru móti getað stuðlað að því upphafi málsins en allar ákvarðanir þeirra og athafnir í kjölfar þess, svo sem ákvarðanir um stuðning við móður og börn, tímabundna forsjárskipan, umgengni o.fl., hafi ávallt verið teknar í samræmi við ákvæði barnaverndarlaga og málsmeðferðarreglur þeirra, á grundvelli ráðgjafar sérfræðinga og með heilsu og vellíðan barna stefnanda að leiðarljósi.

Þá byggi stefndu á að allar ákvarðanir sem teknar hafi verið um meðferð málsins, að svo miklu leyti sem þær hafi verið á forræði barnaverndarnefndar C, hafi verið teknar á grundvelli ítarlegrar rannsóknar á málinu og á grundvelli þeirra upplýsinga og gagna sem fyrir hafi legið hverju sinni, í samræmi við málsmeðferðarreglur barnaverndarlaga og stjórnisýsluréttarins, í því skyni að tryggja sem best hagsmuni barnanna sem um ræði.

Stefndu bendi á að málatilbúnaður stefnanda byggi öðrum þræði á því að stefndu hafi valdið því að lögreglan hóf rannsókn á meintum kynferðisbrotum stefnanda gagnvart ólögráða börnum hans sem lokið hafi með útgáfu ákæru á hendur honum. Í stefnu komi þó ekkert fram um hvernig stefndu eiga að hafa, hvert um sig eða sameiginlega, orðið til þess að stúlkan hafi borið föður sinn þessum sökum í viðtali hjá sérkennslufulltrúa, og þaðan af síður hvernig stefndu eiga að hafa haft nokkur áhrif á meðferð sakamáls sem sé á forræði lögreglufirvalda og ákæruvalds.

Fyrir liggur að sérkennslufulltrúi í grunnskóla stúlkunnar hafi sinnt lögboðinni tilkynningarskyldu sinni samkvæmt 17. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og gert barnaverndarnefnd C viðvart um málið. Hið sama hafi stefndu, D og E, gert þegar börnin sem þeim höfðu verið falin til umönnunar hafi sagt frá háttsemi stefnanda gagnvart þeim.

Stefnandi vilji væntanlega byggja á því að barnaverndarnefnd C hefði ekki átt að tilkynna frásögn stúlkunnar til lögreglu eða hefja einhvers konar sjálfstæða rannsókn á sannleiksgildi frásagnar hennar áður en málinu hafi verið beint til lögreglufirvalda. Af þessu tilefni sé bent á að þrátt fyrir að barnaverndarþjónustu sveitarfélaga séu tryggð

ýmis úrræði með barnaverndarlögum sé hlutverk hennar ekki að rannsaka mál þar sem grunur leiki á um að framið hafi verið gegn barni brot gegn almennum hegningarlögum, heldur sé rannsókn á slíkum málum á forræði lögregluþyrvalda samkvæmt lögum um meðferð sakamála.

Stefndu byggji á því að gögn málsins beri með sér að stúlkan hafi sagt stefndu D frá háttsemi stefnanda í sinn garð. Stefnda D hafi brugðist við í samræmi við þá skyldu sem á henni hvíli að lögum til að gera barnaverndaryfirvöldum viðvart og hafi stúlkan þá verið kölluð til skýrslugjafar í Barnahúsi þar sem hún hafi sagt nánar frá atvikunum.

Þá hafi drengurinn einnig farið í skýrslutöku í Barnahúsi vegna málsins og jafnframt í meðferðarviðtöl hjá sálfræðingi þar sem hann hafi greint frá háttsemi stefnanda í sinn garð. Í stefnu sé því haldið fram að enginn vafi sé á að framburður drengsins sé „[...] að meginhluta til, búinn til af stefndu“, án þess að nokkur fullnægjandi rök séu færð fyrir þeirri fullyrðingu eða sönnur fyrir henni. Þá sé á engan hátt ljóst til hverra stefndu sé vísað.

Stefndu hafni alfarið fullyrðingum stefnanda um að stefndu hafi stuðlað að og tekið þátt í röngum framburði stúlkunnar og þannig blekkst dómstóla með þeim afleiðingum að stefnandi hafi verið borinn þungum sökum og sviptur forsjá, eins og það sé orðað í stefnu. Ekkert liggi til grundvallar þeirri fullyrðingu stefnanda nema endursögn matsmanna á frásögn stúlkunnar í matsgerðum frá árinu 2023, en þar komi fyrst fram að stúlkan hafi búið til frásagnir af háttsemi stefnanda og að stefnda D hafi áður fyrir sagt henni hvað hún ætti að segja í viðtölum. Stefndu telji gögn málsins benda til þess að breytta frásögn stúlkunnar megi öðru fremur rekja til aukinnar umgengni við móður, en í málinu liggi fyrir að móðir hafi ekki lagt trúnað á frásögn stúlkunnar frá upphafi málsins og gert henni það ljóst.

Stefndu byggji á því að þessar fullyrðingar séu rangar og bendi á að stúlkan hafi greint frá háttsemi stefnanda, hægt og bítandi í 22 meðferðarviðtölum í Barnahúsi, sem hvorki starfsmenn barnaverndarnefndar C né stefndu D og E hafi haft nokkra aðkomu að. Óumdeilt sé aftur á móti í málinu að stúlkan hafi greint stefndu D að nokkru frá háttsemi stefnanda á fósturheimilinu. Stefnda D kveði stúlkuna hafa gert það að eigin frumkvæði enda hafi stefnda á engan hátt viljað stuðla að slíkri umræðu og hún hafi þá tekið niður upplýsingar um frásögn stúlkunnar til að geta komið upplýsingunum á framfæri við barnaverndaryfirvöld, í samræmi við þær skyldur sem á henni hafi hvílt að lögum. Þá hafi stefnda D hvatt stúlkuna til að segja frá háttseminni þegar komið hafi að

skýrslutökum og viðtölum í Barnahúsi, þar sem hin eiginlegu viðtöl við stúlkuna hafi farið fram, en stefnda sjálf hafi ekki tekið nein viðtöl við hana um málið, enda ekki á hennar forræði. Fullyrðingar um að stefnda D hafi hvatt barn sem henni hafi verið falin umsjón með til að bera stefnanda slíkum sökum séu gróf aðför að heiðri hennar og æru sem hafi valdið henni mikilli vanlíðan og hugarangri.

Stefndu bendi á að það hljóti að teljast í hæsta máti ósennilegt að börn, sem tekin hafi verið af heimili foreldra sinna þar sem allt hafi leikið í lyndi samkvæmt frásögn stefnanda, hafi tekið svo einarða afstöðu gegn foreldrum sínum fyrir áeggjan ókunnugra, starfsmanna barnaverndarnefndar C eða þeirra stefndu D og E. Jafnframt verði með engu móti séð hvaða hagsmuni stefndu ættu að hafa haft af því að hafa slík áhrif á frásögn barnanna. Þá sé því sérstaklega hafnað sem þýðingarlausri málsástæðu að starfsmaður stefnda B hafi tekið við upplýsingum frá stefndu D um frásögn stúlkunnar af háttsemi stefnanda, án þess „[...] með nokkrum vitrænum hætti að kanna sjálfstætt sannleiksgildi þeirra“.

Stefnandi leggi í málinu mikla áherslu á það sem að framan greini um að aðdragandi ákærumeðferðar sakamálsins hafi leitt til þess að hann hafi verið sviptur forsjá. Stefnandi horfi aftur á móti alveg framhjá þeirri staðreynd að ákvarðanir barnaverndarnefndar C og starfsmanna hennar í barnaverndarmálinu hafi ekki einungis byggst á því sem fram hafi komið í rannsóknarskýrslum sem teknar hafi verið af stúlkunni í Barnahúsi eða á þeirri staðreynd að stefnandi hafi verið sóttur til saka fyrir kynferðisbrot, heldur á öllum gögnum málsins þar sem fram komi ekki aðeins vísbendingar um mögulega misnotkun stefnanda heldur ófullnægjandi heimilisaðstæður, mikla vanlíðan og vanrækslu barnanna, ótta þeirra við stefnanda o.fl. Á grundvelli þeirra upplýsinga hafi ákvarðanir verið teknar um meðferð barnaverndarmálsins á hverjum tíma.

Í þessu sambandi sé bent á að stefnandi hafi ekki haft uppi sérstaka kröfu um umgengni við börnin fyrir en haustið 2018 og aftur á árinu 2020. Á þeim tíma hafi enginn grundvöllur verið til að úrskurða um umgengni barnanna við stefnanda þar sem augljóst hafi þótt að börnin væru mjög hrædd við hann og því verið álitid að heilsu þeirra og þroska væri stefnt í hættu með hættu á varanlegum skaða í skilningi d-liðar 1. mgr. 29. gr. barnaverndarlaga ef fallist yrði á kröfu um umgengni. Það mat hafi síðar verið staðfest af bæði Hæstarétti Íslands og Mannréttindadómstól Evrópu.

Til frekari stuðnings kröfum sínum um sýknu af öllum kröfum vísa stefndu til og gera að sínum þau sjónarmið sem fram komi í dómi Mannréttindadómstóls Evrópu,

einkum þess sem fram komi í 86.–89. mgr. dómsins. Þar sé m.a. bent á að sýkna í sakamáli geti ekki ein og sér ráðið úrslitum um meðferð barnaverndarmáls. Þá segi jafnframt að það sé ekki hlutverk barnaverndaryfirvalda að taka afstöðu til sýknu eða sakleysis í refsímálum heldur að meta hvort hagsmunum barna sé hættu búin. Við það mat og töku ákvarðana um ráðstafanir til að tryggja hagsmuni barna verði sú skylda ekki lögð á barnaverndaryfirvöld að sanna refsiverða vanrækslu eða háttsemi gagnvart börnum þannig að hafið sé yfir skynsamlegan vafa, enda myndi það koma í veg fyrir að barnaverndaryfirvöld gætu rækt hlutverk sitt til að tryggja líf og velferð barna. Niðurstaða Mannréttindadómstólsins sé afdráttarlaust sú að málsmeðferð barnaverndaryfirvalda hafi verið í samræmi við lög þegar tekið hafi verið tillit til allra gagna málsins, en ekki aðeins sýknudóms yfir stefnanda.

Stefndu bendi á að mál til forsjársviptingar hafi verið höfðað á grundvelli umfangsmikilla gagna málsins, skýrslna og sálfræðilegra matsgerða, sem að verulegu leyti hafi verið aflað eftir sýknudóm stefnanda. Áður hafi barnaverndaryfirvöld reynt ýmsar minna íþyngjandi aðgerðir, svo sem með því að taka ákvörðun um tímabundna vistun barnanna utan heimilis, auk þess sem móðurinni hafi verið boðinn og veittur mikill stuðningur, m.a. til að aðlaga börnin aftur að heimili hennar með tilteknum skilyrðum.

Eins og ráða megi af niðurstöðu Mannréttindadómstólsins sé hafið yfir allan vafa að málsmeðferð barnaverndaryfirvalda hafi staðist allar þær kröfur sem gerðar séu til hennar samkvæmt barnaverndar- og stjórnisýslulögum. Fullyrðingum stefnanda um að barnaverndarnefnd C hafi vanrækt eftirlitsskyldur sínar með vist- og fósturheimili stefndu D og E sé mótmælt sem röngum og ósönnuðum, enda sýni gögn málsins afdráttarlaust fram á annað. Þá sé með sama hætti hafnað fullyrðingum stefnanda um að barnaverndarnefnd C hafi ekki gætt að lögum og reglum við meðferð málsins, brotið gegn öryggis- og verklagsreglum og vegið þannig að friðhelgi heimilis og fjölskyldu stefnanda þannig að réttlætt geti kröfugerð hans í málinu.

Því sé sérstaklega mótmælt að barnaverndarnefnd C hafi ekki sinnt eftirliti með vistun barnanna utan heimilis og bent á að gögn málsins sýni afdráttarlaust fram á annað. Nægi þar að nefna skýrslur talsmanns barnanna og upplýsingar um endurteknar heimsóknir fulltrúa barnaverndaryfirvalda á fósturheimili og í skóla barnanna. Telji stefndu bersýnilegt að starfsmenn barnaverndarnefndar C hafi sinnt eftirlitsskyldum sínum samkvæmt XV. kafla A barnaverndarlaga.

Þá sé sjónarmiðum um að barnaverndarnefnd C hafi ekki sinnt leiðbeiningarskyldu sinni gagnvart stefnanda mótmælt sem ósönnuðum en jafnframt sé bent á að stefnandi hafi notið fulltingis og aðstoðar lögmanns við meðferð málsins eins og gögn þess beri með sér.

Stefndu hafni því sérstaklega að stefndi B beri ábyrgð á meintri saknæmri og ólögmati háttsemi stefndu D og E á grundvelli húsbóndaábyrgðar. Hin síðarnefndu séu ekki í eiginlegu ráðningarsambandi við sveitarfélagið og þiggi ekki hefðbundnar launagreiðslur frá því, heldur starfi þau sem fósturforeldrar á grundvelli barnaverndarlaga og þiggi greiðslur sem slík samkvæmt ákvæðum laganna og reglugerðar nr. 858/2013, um greiðslur vegna barna í fóstri. Fósturforeldrar teljist ekki til starfsmanna sveitarfélaga, en þeir starfi á grundvelli barnaverndarlaga samkvæmt leyfum sem gefin séu út af Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála að fenginni umsögn Barna- og fjölskyldustofu, sbr. 65. gr. barnaverndarlaga. Enginn grundvöllur sé til þess að líta svo á að reglur skaðabótaréttarins um húsbónda- eða vinnuveitendaábyrgð eigi við í slíkum tilvikum.

Tilvísun stefnanda til sjónarmiða um sérfræðiábyrgð í stefnu sé jafnframt mótmælt sérstaklega. Stefndu benda á að ábyrgð verði ekki felld á neitt þeirra á grundvelli hinnar óskráðu meginreglu skaðabótaréttarins um sérfræðiábyrgð, enda eigi reglan aðeins við um ábyrgð sjálfstætt starfandi sérfræðinga sem hafi menntun og reynslu á tilteknu sérsviði og bjóði fram sérþekkingu sína gegn fjárhagslegu endurgjaldi. Stefndu bendi á að ekkert þeirra sé í slíkri aðstöðu eða hafi veitt stefnanda nokkurs konar þjónustu gegn greiðslu þóknunar þannig að forsenda sé til þess að beita hinu stranga sakarmati sem um ábyrgð sérfræðinga gildi. Stefndu mótmæli því einnig sérstaklega að óskráðri reglu um sérfræðiábyrgð verði beitt þegar tekin sé afstaða til miskabótakröfu stefnanda samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga, enda sé enginn grundvöllur til þess.

Stefndu bendi aukinheldur á að hið meinta fjártjón stefnanda á því tímabili sem greini í kröfugerð í stefnu hafi að verulegu leyti verið fyrnt þegar málið hafi verið höfðað, enda sé ekkert tilefni til þess að miða upphaf fyrningarfrests krafna stefnanda við annað tímamark en þegar stefnandi hafi orðið fyrir þeim fjárútlátum eða vinnutapi sem sögð séu grundvöllur viðurkenningarkröfunnar. Stefndu bendi á að verði fallist á dómkröfur stefnanda að einhverju leyti verði óhjákvæmilega að taka tillit til fyrningar krafna stefnanda.

Stefndu mótmæli sérstaklega upphafstíma vaxta í kröfugerð stefnanda. Bendi stefndu m.a. á að ekkert augljóst samhengi sé á milli nokkurrar meintrar skaðabótaskyldrar háttsemi stefndu eða meints fjártjóns stefnanda og upphafstíma vaxta samkvæmt kröfugerð í stefnu.

Með vísan til alls framangreinds sé því alfarið hafnað að stefndu hafi gerst sek um nokkra saknæma og ólögmæta háttsemi í garð stefnanda, sem sé fallin til þess að hafa valdið honum því tjóni sem hann kveðist hafa orðið fyrir og vilji fá bætt með málshöfðuninni.

Stefnandi geri kröfu um miskabætur úr hendi stefndu með vísan til b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. Skilyrði þess að bætur verði dæmdar fyrir ófjárhagslegt tjón stefnanda samkvæmt því ákvæði laganna sé að sýnt hafi verið fram á að tjónvaldur hafi gerst sekur um ásetning eða verulegt gáleysi og beri með því ábyrgð á ólögmætri meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu tjónþola. Stefndu mótmæli því sérstaklega að uppfyllt séu skilyrði laganna til þess að heimilt sé að verða við kröfu stefnanda um miskabætur og bendi á að stefnandi hafi hvorki gert nægilega grein því hvaða háttsemi stefndu eigi að hafa falið í sér ólögmæta meingerð gagnvart stefnanda, að um hafi verið að ræða ásetning eða verulegt gáleysi stefndu eða gert grein fyrir orsakatengslum á milli þeirrar háttsemi stefndu og meints ófjárhagslegs tjóns stefnanda.

Þá árétti stefndu að miskabótakrafa stefnanda sé, eins og fram komi í stefnu, öðru fremur ætlað að bæta meint tjón stefnanda af því að hafa sætt yfirheyrslum og þvingunaraðgerðum lögreglu vegna rannsóknar á meintu kynferðisbroti og saksókn. Stefndu hafi enga aðkomu haft að þeirri meðferð málsins og ekkert liggja fyrir um að athafnir eða athafnaleysi þeirra hafi leitt til þeirra atvika sem tiltekin séu í stefnu.

Stefndu hafni því jafnframt alfarið að uppfyllt séu skilyrði að lögum til að fallast á kröfu stefnanda um miskabætur vegna aðskilnaðar frá börnunum frá því málið hafi komið upp. Í fyrsta lagi beri gögn málsins með sér að stefnandi hafi verið í samskiptum við börnin, þrátt fyrir að barnaverndarnefnd hafi lagt áherslu á að svo yrði ekki á meðan málið væri til rannsóknar. Í öðru lagi hafi allar ákvarðanir um umgengni barnanna verið teknar í samræmi við málsmeðferðarreglur barnaverndarlaga og stjórnisýslulaga eins og að framan sé rakið.

Stefndu byggi á því að Mannréttindadómstóll Evrópu hafi í dómi sínum tekið undir það mat Hæstaréttar Íslands að sýnt hafi verið fram á í málinu að börnin væru mjög hrædd við stefnanda þannig að heilsu þeirra og þroska væri stefnt í hættu ef þau væru í

umgengni við hann. Slíkt væri líklegt til að valda þeim varanlegum skaða í skilningi d-
liðar 1. mgr. 29. gr. barnaverndarlaga. Mannréttindadómstóllinn hafi því talið rétt af
barnaverndarnefnd C og íslenskum dómstólum að líta svo á að stefnandi skyldi ekki njóta
umgengnisréttar við börnin. Því mati hafi ekki verið hnekk. Að öðru leyti sé vísað til
forsendna og niðurstöðu Mannréttindadómstólsins.

Stefndu mótmæli sérstaklega hugmyndum stefnanda um ákvörðun miskabóta og
tilvísun hans til dóma Landsréttar í málunum nr. 250/2020 og 638/2020, enda hafi þeir
ekkert fordæmisgildi í málinu, auk þess sem miskabótakröfu stefnanda vegna sakamála-
rannsóknar og saksóknar stefnanda sé bersýnilega ranglega beint að stefndu. Dómarnir
sem stefnandi vísi til í málatilbúnaði sínum varði kröfur brotaþola um miskabætur úr
ríkissjóði, á grundvelli hlutlægrar ábyrgðar ríkisins samkvæmt lögum um meðferð saka-
mála, vegna rannsóknar, sakfellingar og afplánunar margra ára fangelsisdóma vegna
manndráps, sem brotaþolar hafi síðar verið sýknaðir af með dómum Hæstaréttar Íslands.
Ekkert samhengi sé á milli þessara mála og máls stefnanda.

Varakrafa stefndu um verulega lækkun dómkrafna stefnanda taki til stefnukröfu
um miskabætur úr hendi stefndu og sé studd sömu málsástæðum og aðalkrafa um sýknu
af þeim kröfuflið. Stefndu leggi einkum áherslu á að kröfu stefnanda um miskabætur sé
samkvæmt stefnu ætlað að rétta hlut hans vegna rannsóknar sakamálsins og saksóknar,
sem ekkert stefndu hafi haft forræði á eða sérstaka aðkomu að. Þá árétti stefndu að dómur
varðandi ólögmetra frelsissviptingu og rangar sakargiftir séu með öllu ótækir sem
fordæmi við úrlausn málsins.

Framangreindu til stuðnings vísa stefndu til meginreglna skaðabótaréttarins um
skilyrði skaðabótaábyrgðar samkvæmt sakarreglunni, 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993,
laga um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007, ákvæða barnaverndarlaga nr. 80/2002, og
reglugerða sem settar séu á grundvelli þeirra, og stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Til
stuðnings kröfu sinni um málskostnað vísa stefndu til 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991
um meðferð einkamála. Stefndi E gerir sérstaklega kröfu um að stefnanda verði gert að
greiða honum álag á málskostnað með vísan til 1. og 2. mgr. 131. gr. laganna.

IV.

Niðurstæða

Í máli þessu krefst stefnandi annars vegar viðurkenningar á skaðabótaskyldu
stefndu vegna fjártjóns sem hann hafi orðið fyrir við meðferð máls sem leitt hafi til þess
að hann hafi verið sviptur forsjá barna sinna og hins vegar miskabóta að fjárhæð

90.000.000 króna úr hendi stefndu á grundvelli b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 vegna meðferðar sama máls. Í báðum tilvikum byggir stefnandi á því að bæði starfsmenn barnaverndarnefndar (nú barnaverndarþjónustu) C sem og stefndu D og E hafi sýnt af sér saknæma og ólögmæta háttsemi sem valdið hafi stefnanda annars vegar fjártjóni og hins vegar miska. Stefndu krefjast sýknu af kröfum stefnanda og til vara verulegrar lækkunar á fjárhæð kröfu hans um miskabætur.

A.

Líkt og rakið er í lýsingu á helstu málsatvikum hér að framan liggur fyrir nokkur fjöldi dómsúrlausna um ráðstafanir barnaverndarnefndar C undir meðferð máls barna stefnanda og eiginkonu hans hjá nefndinni, dómur Hæstaréttar þar sem stefnandi og eiginkona hans voru svipt forsjá beggja barna þeirra sem og dómur Mannréttindadómstóls Evrópu í máli stefnanda og eiginkonu hans gegn íslenska ríkinu. Að mati dómsins koma þessar dómsúrlausnir ekki í veg fyrir að dómurinn taki framan- greindar kröfur stefnanda til efnismeðferðar eins og stefndu virðast öðrum þræði byggja á enda sjálfstætt úrlausnarefni sem ekki var leyst úr í umræddum málum hvort starfsmenn barnaverndarnefndar C og stefndu D og E hafi á einhvern hátt sýnt af sér saknæma og ólögmæta háttsemi sem valdið hafi stefnanda fjártjóni og miska. Þvert á móti lutu þessar dómsúrlausnir annars vegar að vistun barna stefnanda og eiginkonu hans utan heimilis og skipan forsjár þeirra eins og málin lágu fyrir dómi hverju sinni og hins vegar að því hvort með dómi Hæstaréttar þar sem stefnandi og eiginkona hans voru svipt forsjá beggja barna hafi verið brotið gegn rétti þeirra samkvæmt 8. gr. mannréttinasáttmála Evrópu. Þá verður ekki fram hjá því litið að í forsendum dóma á öllum dómstigum í því máli sem lauk með umræddum dómi Hæstaréttar voru gerðar umtalsverðar athugasemdir við málsmeðferð barnaverndarnefndar C í máli barnanna þótt þeir ágallar á stjórnslumeðferð þess hafi eins og málið lá fyrir Hæstarétti ekki leitt til annarrar niðurstöðu.

B.

Samkvæmt 1. mgr. 71. gr. gr. stjórnarskrárinnar eiga allir rétt til friðhelgi einkalífs, fjölskyldu og heimilis. Þann rétt má eingöngu skerða með lögum og ef brýna nauðsyn ber til samkvæmt 3. mgr. sömu greinar. Hliðstætt ákvæði er í 8. gr. mannréttinasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Þá ber einnig að geta 7. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013, þar sem segir m.a. að barn eigi eftir því sem unnt er rétt til að þekkja foreldra sína og njóta umönnunar þeirra. Þessar

grundvallarreglur verður að virða með hliðsjón af 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar þar sem kveðið er á um að börnum skuli tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Með vísan til fyrrgreindrar takmörkunar sem fram kemur í 3. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar verður friðhelgi einkalífs, fjölskyldu og heimilis að víkja þegar velferð barns er í húfi, enda fá inngrip yfirvalda stoð í barnaverndarlögum nr. 80/2002 og þess gætt að ekki sé gengið lengra við þá takmörkun en nauðsyn krefur.

Í 4. gr. barnaverndarlaga er fjallað um meginreglur barnaverndarstarfs sem ber að leggja til grundvallar við beitingu og túlkun laganna. Samkvæmt 1. mgr. þeirrar greinar skal í barnaverndarstarfi beita þeim ráðstöfunum sem ætla má að séu barni fyrir bestu og skulu hagsmunir barna ávallt hafðir í fyrirrúmi í starfsemi barnaverndaryfirvalda. Þá á barn samkvæmt 2. mgr. rétt til þátttöku í málum er það varða á grundvelli laganna og barni sem getur myndað sér eigin skoðanir ber að tryggja rétt til að láta þær í ljós við meðferð máls. Í 2. mgr. segir jafnframt að þegar teknar séu ákvarðanir á grundvelli laganna skuli taka réttmætt tillit til skoðana barns í samræmi við aldur þess og þroska. Samkvæmt 4. mgr. umræddrar greinar skulu barnaverndaryfirvöld svo leitast við að eiga góða samvinnu við börn og foreldra sem þau hafa afskipti af og ávallt sýna þeim fyllstu nærgætni og virðingu. Þá skulu barnaverndaryfirvöld samkvæmt 7. mgr. eftir föngum gæta þess að almenn úrræði til stuðnings fjölskyldu séu reynd áður en gripið er til annarra úrræða. Þar segir jafnframt að þau skuli ávallt miða við að beitt sé vægustu ráðstöfunum til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt. Því aðeins skal gert ráð fyrir íþyngjandi ráðstöfunum að lögmæltum markmiðum verði ekki náð með öðru og vægara móti.

Í V. kafla barnaverndarlaga er fjallað um upphaf barnaverndarmáls. Þar segir í 21. gr. að þegar barnaverndarþjónusta (áður barnaverndarnefnd) fær tilkynningu eða berast upplýsingar með öðrum hætti um að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska geti verið hættu búin vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra, ofbeldis eða vanvirðandi háttsemi af hendi annarra eða eigin hegðunar þess eða að heilsu eða lífi ófæddis barns sé stefnt í hættu eins og lýst er í 16. gr., skuli hún taka afstöðu til þess án tafar, og eigi síðar en innan sjö daga frá því henni barst tilkynning eða upplýsingar, hvort ástæða sé til að hefja könnun á málinu. Telst barnaverndarmál hafið þegar tekin hefur verið formleg ákvörðun um að hefja könnun en það skal ekki gert nema rökstuddur grunur sé um að tilefni sé til. Markmið slíkrar könnunar er að afla nauðsynlegra upplýsinga um aðstæður barns og meta þörf fyrir úrræði samkvæmt ákvæðum laganna,

allt í samræmi við hagsmuni og þarfir barns, eins og segir í 1. mgr. 22. gr. Þar segir einnig að kappkosta skuli að afla sem gleggstra upplýsinga um hagi barns, svo sem andlegt og líkamlegt ásigkomulag, tengsl við foreldra eða aðra, hagi foreldra, aðbúnað barns á heimili, skólagöngu, hegðun og líðan þess. Þá segir þar að leita skuli aðstoðar sérfræðinga eftir því sem þörf krefji.

Fjallað er um ráðstafanir barnaverndaryfirvalda í VI. kafla barnaverndarlaga. Þar segir í 23. gr. að þegar mál hafi verið nægjanlega kannað að mati barnaverndarþjónustu (áður barnaverndarnefndar) skuli taka saman greinargerð þar sem lýst sé niðurstöðum könnunar, tiltekið hverra úrbóta sé þörf og settar fram tillögur að heppilegum úrræðum ef því er að skipta. Leiði könnun í ljós að þörf sé á því að beita sérstökum úrræðum samkvæmt lögnum skuli í samvinnu við foreldra, en ella einhliða, gera skriflega áætlun um frekari meðferð máls til ákveðins tíma og endurskoða eftir þörfum, sbr. 2. og 4. mgr. umræddrar greinar. Í næstu ákvæðum laganna er lýst tilteknum úrræðum sem beita má í þessu skyni ýmist með samþykki foreldra eða án þess að það liggi fyrir. Er þar ýmist um að ræða úrræði sem miða við að barn búi áfram á heimili sínu, sbr. 24. og 26. gr., eða úrræði sem lúta að ráðstöfun barns í fóstur og tímabundinni vistun utan heimilis, sbr. 25., 27. og 28. gr., auk forsjársviptingar, sbr. 29. gr. Miða umrædd ákvæði við að eingöngu skuli beita úrræðum án samþykkis foreldra hafi úrræði með samþykki þeirra ekki skilað árangri að mati barnaverndarþjónustu (áður barnaverndarnefndar) eða þau talin ófullnægjandi. Þá er í 34. gr. laganna mælt fyrir um endurskoðun ráðstafana þegar samþykki til þeirra hefur verið afturkallað eða til þeirra hefur verið gripið án samþykkis. Samkvæmt 2. mgr. þeirrar greinar getur foreldri sem svipt hefur verið forsjá samkvæmt 29. gr. eða barn sem náð hefur 15 ára aldri gert kröfu um það fyrir dómi að foreldri verði falin forsjá barns að nýju. Í 3. mgr. kemur svo fram að slík krafa verði aðeins tekin til greina að breyting þyki réttmæt vegna breyttra aðstæðna, raski ekki stöðugleika í uppeldi barns og taki mið af hag þess og þörfum. Þá segir að slíka kröfu sé eingöngu hægt að gera að liðnum tólf mánuðum hið skemmsta frá því að dómstóll leysti síðast úr máli með endanlegum dómi.

Í VIII. kafla barnaverndarlaga er fjallað um málsmeðferð barnaverndarmála. Samkvæmt 1. mgr. 38. gr. gilda ákvæði stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 um meðferð barnaverndarmála með þeim frávikum sem í lögnum greinir. Þar eru ýmsar málsmeðferðarreglur stjórnarsýsluréttar svo áréttaðar, svo sem um leiðbeiningarskyldu stjórnvalda, rannsóknarreglan, málshraðareglan og andmælareglan, auk þess sem meðalhófsreglan er

áréttuð í ákvæðum annarra kafla laganna, sbr. 7. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 29. gr. Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. laganna skal barnaverndarþjónusta (áður barnaverndarnefnd) sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því. Samkvæmt fyrri málslið 2. mgr. sömu greinar skal könnun barnaverndarmáls ekki vera umfangsmeiri en nauðsyn krefur og henni skal hraðað svo sem kostur er. Í athugasemdum við 41. gr. í greinargerð sem fylgdi frumvarpi því sem varð að lögum nr. 80/2002 kemur fram að í ákvæði 1. mgr. felist að barnaverndarnefnd skuli að eigin frumkvæði tryggja að mál sé nægilega upplýst áður en ákvörðun er tekin þótt ekki verði settar fram nákvæmar reglur um það hvernig staðið skuli að könnun máls og hvaða gagna skuli aflað. Sé það breytilegt eftir eðli máls hverju sinni. Þá kemur fram að með ákvæði 2. mgr. sé lögð áhersla á að barnaverndarnefnd gangi ekki lengra í gagnaöflun og könnun máls en nauðsynlegt sé hverju sinni og noti ekki harkalegri aðferðir að því leyti en efni standi til. Samkvæmt 1. mgr. 56. gr. sömu laga ber barnaverndarþjónustu (áður barnaverndarnefnd) svo að sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en hún höfðar mál til sviptingar forsjár samkvæmt 29. gr. laganna. Í athugasemdum við 56. gr. í áður nefndri greinargerð kemur fram að með ákvæði 1. mgr. sé m.a. lögð áhersla á að barnaverndarnefnd sé ekki að höfða mál nema eftir ítarlegan undirbúning og að vandlega athuguðu máli.

C.

Hvað sök starfsmanna barnaverndarnefndar C áhrærir byggir stefnandi á því að reglur um sérfræðiábyrgð eigi við og því beri að beita strangara sakarmati en ella. Þá byggir hann eftir því sem næst verður komist í meginatriðum í fyrsta lagi á því að starfsmenn barnaverndarnefndar C hafi á saknæman hátt átt þátt í röngum framburði barna hans sem leitt hafi af sér lögreglurannsókn og ákæru á hendur honum, í öðru lagi á því að þeir hafi ekki gætt að viðeigandi reglum við meðferð málsins og því á saknæman hátt gripið til þeirra ráðstafana sem beitt var hverju sinni og í þriðja lagi á því að þeir hafi á saknæman hátt gróflega vanrækt starfsskyldur sínar.

Ekki verður á það fallist með stefnanda að reglur um sérfræðiábyrgð geti átt við um starfsmenn barnaverndarnefndar C. Reglur um sérfræðiábyrgð eiga við þegar sérfræðingur býður fram, oftast gegn greiðslu, sérþekkingu sína og reynslu og veldur tjóni við verkefni sem hann tekur að sér á þeim grundvelli. Er að mati dómsins augljóst að svo háttar ekki til um starfsmenn barnaverndarnefndar C og verður sakarreglunni því beitt með almennum hætti við mat á háttsemi þeirra.

Líkt og rakið er í lýsingu á helstu málsatvikum hér að framan hófst barnaverndarmál fjölskyldu stefnanda þegar dóttir hans lýsti í viðtali hjá sérkennslufulltrúa grunnskóla O ætluðum kynferðisbrotum stefnanda gagnvart henni. Viðkomandi sérkennslufulltrúi tilkynnti málið samdægurs til barnaverndarnefndar C sem hafði samband við Barnahús og lögreglu. Þegar fyrir liggur grunur um misnotkun á barni þarf að tryggja að rannsókn slíks máls hafi eðlilegan framgang. Þá er eðlilegt að gripið sé til ráðstafana til að tryggja að barn sé ekki í samskiptum við meintan geranda. Að mati dómsins voru framangreind viðbrögð barnaverndarnefndar sem og þær ráðstafanir sem í beinu framhaldi var gripið til því fyllilega í samræmi við þær skyldur sem á barnaverndaryfirvöldum hvíla lögum samkvæmt og gengu á engan hátt lengra en efni stóðu til eins og atvikum var háttað. Þá verður hvorki af því sem fram kemur í framlögðum gögnum né heldur því sem fram kom í skýrslutökum fyrir dómi á nokkurn hátt ráðið að starfsmenn barnaverndarnefndar C hafi átt einhvern þátt í framburði barnanna við skýrslutökur af þeim í Barnahúsi eða í því sem þau sögðu við aðra þá sem þau tjáðu sig við. Verður þegar af þeirri ástæðu ekki fallist á að starfsmenn barnaverndarnefndar C hafi á saknæman hátt valdið því að stefnandi sætti lögreglurannsókn eða að sakamál hafi verið höfðað á hendur honum.

Svo sem gerð er grein fyrir í lýsingu á helstu málsatvikum hér að framan var bent á ýmsa ágalla á málsmeðferð barnaverndarnefndar C í máli stefnanda og fjölskyldu hans í forsendum dóma á öllum dómstigum í því forsjárviptingarmáli sem höfðað var gegn stefnanda og eiginkonu hans. Því máli lauk svo sem þar greinir með dómi Hæstaréttar þar sem þau voru, þrátt fyrir ágalla á stjórnslumeðferð þess, svipt forsjá beggja barna. Af þeim dómi Hæstaréttar og öðrum þeim gögnum sem liggja frammi í þessu máli verður ekki annað ráðið en að ráðstafanir starfsmanna barnaverndarnefndar C hafi þrátt fyrir umrædda ágalla verið gerðar að athuguðu máli og á grundvelli fyrirliggjandi gagna og ekki gengið lengra en efni stóðu til eins og málið lá fyrir nefndinni hverju sinni, ekki síst með hliðsjón af afdráttarlausri viljaafstöðu barnanna sem þau ítrekuðu í öllum þeim tilvikum sem við þau var rætt. Þannig er ekkert sem bendir til annars en að þær ráðstafanir sem beitt var hverju sinni hafi verið með það að leiðarljósi hvað væri börnum stefnanda fyrir bestu og að hagsmunir þeirra hafi ávallt verið í fyrirrúmi í samræmi við þær meginreglur sem að framan eru raktar. Verður því ekki á það fallist með stefnanda að starfsmenn barnaverndarnefndar C hafi með saknæmum og ólögætum hætti gripið til þeirra ráðstafana sem beitt var frá einum tíma til annars eða að fyrrnefndir ágallar á stjórnslumeðferð málsins leiði einir og sér til þess að til þeirra hafi verið gripið með

saknæmum og ólögætum hætti. Þá bera gögn málsins með sér að starfsmenn barnaverndarnefndar C hafi allan þann tíma sem börnin voru vistuð á heimili stefndu D og E viðhaft viðeigandi eftirlit og því ekkert fram komið um að starfsmennirnir hafi sýnt af sér saknæma og ólögmeta háttsemi að því leyti.

Á hinn bóginn verður ekki framhjá því litið að af gögnum málsins má ráða að engin breyting varð á meðferð máls fjölskyldu stefnanda hjá barnaverndarnefnd C eftir að stefnandi var sýknaður af öllum sakargiftum með dómi Héraðsdóms Reykjaness 22. nóvember 2017. Bera raunar hvort tveggja gögn málsins sem og það sem fram kom í vitnisburði P, starfsmanns nefndarinnar, fyrir dómi með sér að þeir starfsmenn sem að máli fjölskyldunnar komu töldu dóminn engu skipta um nauðsyn eða eðli áframhaldandi afskipta af málefnum hennar. Virðist sú afstaða hafa mótast af sannfæringu starfsmanna nefndarinnar um að stefnandi hefði brotið gegn börnunum þótt hann hefði verið sýknaður af sakargiftum þar um. Þessi afstaða samrýmist illa þeim sjónarmiðum sem ákvæði 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu eru reist á, en þar er kveðið á um að hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi skuli talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð. Að mati dómsins gaf því sýkna stefnanda af öllum sakargiftum, ekki síst með hliðsjón af þeim forsendum sem sú niðurstaða var reist á, barnaverndarnefnd C fullt tilefni til að rannsaka mál fjölskyldunnar frekar og að undangenginni frekari rannsókn eftir atvikum endurskoða þann farveg sem það var í að einhverju eða öllu leyti. Var í því sambandi að mati dómsins til að mynda tilefni til að leita til sérfræðinga um að vinna með börnunum gagnert í því skyni að greina frekar þann ótta sem þau höfðu lýst við stefnanda og af hverju hann stafaði, greina frekar þá viljaafstöðu sem þau höfðu ítrekað lýst og á hverju hún byggðist sem og að kanna að öðru leyti til hlítar hvort forsendur væru til að sameina fjölskylduna á ný, eftir atvikum með viðeigandi stuðningsúrræðum. Af gögnum málsins sem og því sem fram kom í vitnisburði P má hins vegar ráða að engin frekari rannsókn fór fram af þessu tilefni.

Þá voru stefnandi og eiginkona hans, líkt og greinir í lýsingu á helstu málsatvikum hér að framan, sýknuð af kröfu barnaverndarnefndar C um forsjársviptingu með dómi Landsréttar í málinu. Í framhaldi af þeim dómi var gerð áætlun um meðferð máls með það fyrir augum að aðlaga börnin að heimili móður til að byrja með og K félags- og fjölskylduráðgjafi fengin til aðstoðar í því skyni. Þá kemur fram í umræddri áætlun að ráðgert sé að fá viðtöl fyrir stúlkuna hjá sálfræðingi í því skyni að greina þann ótta sem hún hafi lýst við stefnanda og byggja upp traust hennar til móður sinnar. Gögn málsins

bera ekki með sér að það hafi verið gert. Í málinu liggja hins vegar fyrir tvær áætlanir K um aðlögun barnanna að heimili móður. Í þeim báðum er lýst fyrirkomulagi umgengni og í þeirri síðari er því samandregið lýst að sú umgengni sem fram hafi farið hafi gengið vel. Eftir uppkvaðningu dóms Hæstaréttar var þeirri vinnu sem hafin var þegar í stað hætt og af gögnum málsins verður ekki ráðið að börnin hafi farið aftur í umgengni til móður sinnar fyrr en eftir að barnaverndarnefnd C úrskurðaði um umgengni tæpum tíu mánuðum síðar. Í ljósi þess að forsjársvipting getur sætt endurskoðun á þeim grundvelli sem að framan er lýst hefði að mati dómsins verið fullt tilefni til að halda umræddri vinnu áfram þrátt fyrir dóm Hæstaréttar í ljósi þess að vel hafði gengið og að gættum atvikum þessa máls að öðru leyti og kanna með því til hlítar hvort forsendur væru til að sameina fjölskylduna á ný.

Þau ákvæði barnaverndarlaga, stjórnarskrár og alþjóðlegra sáttmála sem að framan er gerð grein fyrir eru reist á því að á milli foreldris og barns séu tengsl sem njóta skuli lagaverndar. Gengið er út frá því að almennt þjóni það hagsmunum barns að leitað sé leiða til að barn og foreldri þess geti verið saman og þannig myndað fjölskyldutengsl eða til að efla og rækta þau tengsl sem fyrir eru. Af barnaverndarlögum og þeim meginreglum sem þau eru reist á leiðir að ávallt beri að velja þann kost að barn verði áfram hjá foreldri nema í ljós sé leitt að það samræmist ekki hagsmunum barnsins. Leiðir af þessum meginreglum, sem og ákvæði 7. mgr. 4. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, ríkar skyldur barnaverndaryfirvalda til að kanna til hlítar hvort grundvöllur sé til þess að halda fjölskyldum saman, eftir atvikum með viðeigandi stuðningsúrræðum barnaverndaryfirvalda ef talið er að skorti á forsjárhæfni foreldra. Að því gættu er að mati dómsins óhjákvæmilegt annað en að líta svo á starfsmenn barnaverndarnefndar C hafi með sagnæmum og ólögumætum hætti vanrækt þær ríku skyldur sem á þeim hvíla að þessu leyti með því að kanna ekki til hlítar hvort unnt væri að sameina fjölskylduna eftir að stefnandi var sýknaður af öllum sakargiftum sem og með því að hætta þegar í stað þeirri vinnu sem hafin var í því skyni þegar dómur Hæstaréttar féll. Hvort tveggja leiddi ótvírætt til þess að fjölskyldan var sundruð lengur en ella enda bera gögn málsins afdráttarlaust með sér að eftir því sem umgengni barnanna við móður þeirra jókst hafi viljaafstaða þeirra, sem hafði verulega þýðingu við alla meðferð málsins bæði á stjórnsýslustigi og fyrir dómi, breyst.

D.

Hvað sök stefndu D og E áhrærir byggir stefnandi að því er virðist í meginatriðum á því að þau hafi á saknæman hátt átt þátt í röngum framburði barna hans sem leitt hafi af sér lögreglurannsókn og ákæru á hendur honum. Skilja verður málatilbúnað stefnanda að þessu leyti á þann veg að hann byggi á því að stefnda D hafi á saknæman hátt beinlínis sagt börnunum hvað þau ættu að segja og að stefndi E hafi vitað af því og þar með sýnt af sér saknæmt athafnaleysi. Þessu til stuðnings vísar stefnandi til þess að fram komi í yfirmatsgerð þeirra M og N sálfræðinga að dóttir hans hafi tjáð þeim að stefnda D hafi sagt henni hvað hún ætti að segja í viðtölum sem og að hún minnst þess ekki að hafa einhvern tímann sagst líða betur hjá stefndu D og E en hjá móður sinni og telji líklegast að hún hafi smám saman farið að trúa því sem stefnda D hafi sagt um foreldra hennar. Þá komi þar fram að sonur hans hafi í viðtali við yfirmatsmenn tekið í sama streng.

Stefndu D og E kusu að gefa ekki aðilaskýrslur fyrir dómi og ekki var skorað á þau að gefa slíkar skýrslur af hálfu stefnanda. Í málinu liggur því ekkert annað fyrir til stuðnings málatilbúnaði stefnanda að þessu leyti en það sem samkvæmt framansögðu er haft eftir börnum hans í umræddri yfirmatsgerð. Að mati dómsins getur það eitt og sér aldrei talist fullnægjandi sönnun um að stefndu D og E hafi sýnt af sér saknæma og ólögmæta háttsemi að þessu leyti og verða þau þegar af þeirri ástæðu sýknuð af kröfum stefnanda. Að því gættu er ekki þörf á að taka afstöðu til þeirrar málsástæðu stefnanda að stefndi B beri hlutlæga ábyrgð á saknæmri og ólögmætri háttsemi þeirra á grundvelli reglna um vinnuveitendaábyrgð.

E.

Stefnandi krefst viðurkenningar á bótaskyldu stefnda B vegna þess tjóns sem hann varð fyrir á tímabilinu 26. október 2015 til 5. maí 2023 við meðferð barnaverndarmáls sem leiddi til þess að hann var sviptur forsjá barna sinna. Skilja verður málatilbúnað stefnanda þannig að með þeirri kröfu sé leitað viðurkenningar á bótaskyldu stefnda vegna ætlaðs fjártjóns stefnanda á umræddu tímabili.

Um þessa kröfu stefnanda segir svo í stefnu: „Skilyrði fyrir sönnun tjóns með viðurkenningarkröfu í dómsmáli eru augljóslega uppfyllt, [...]. Miski stefnanda og heilsutjón er augljós og yfirmáta sem og vinnutap stefnanda og annar kostnaður, [...] sem hann hefur haft af þessum málum. En lögmannskostnaður og sálfræðikostnaður nam umtalsverðum fjárhæðum [...]. Þá nam vinnutap vegna málareksturs o.fl. háum fjárhæðum en stefnandi var frá vinnu af augljósum ástæðum vegna málareksturs í a.m.k. einn

mánuð.“ Þessu til stuðnings hefur stefnandi svo lagt fram tvö dómskjöl. Annars vegar yfirlit yfir þrjár greiðslur til [...]. á árunum 2020 til 2023 og hins vegar yfirlit yfir greidda reikninga frá [...] ásamt upplýsingum frá sálfræðingi um að stefnandi hafi sótt samtals 11 viðtöl hjá honum á árunum 2015 til 2023. Engar frekari skýringar á þessum gögnum eða sundurliðun á þeim fjárhæðum sem þar eru tilgreindar er að finna í stefnu eða öðrum gögnum málsins og engar frekari skýringar að því leyti komu fram við aðalmeðferð málsins.

Umfram framangreint liggur því ekkert fyrir um ætlað fjártjón stefnanda sem samkvæmt orðalagi umræddrar dómkröfu hans varð á tímabilinu frá 26. október 2015 til 5. maí 2023 né heldur um það hvernig það ætlaða tjón verði rakið til þeirrar háttsemi starfsmanna barnaverndarnefndar C sem samkvæmt framansögðu var að mati dómsins saknæm og ólögmæt. Hefur stefnandi því að mati dómsins ekki leitt nægar líkur að því að hann hafi orðið fyrir bótaskyldu fjártjóni og verður stefndi B þegar af þeirri ástæðu sýknaður af viðurkenningarkröfu hans að því leyti. Að því gættu er ekki þörf á að taka afstöðu til þeirrar málsástæðu stefnda að kröfur stefnanda um bætur fyrir ætlað fjártjón séu að verulegu leyti fyrndar.

F.

Stefnandi krefst enn fremur miskabóta úr hendi stefnda B á grundvelli b-liðar 1. mgr. 26. gr. laga nr. 50/1993. Samkvæmt því lagaákvæði er heimilt að láta þann sem ber ábyrgð á ólögmætri meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu annars manns greiða miskabætur til þess sem misgert er við. Í athugasemdum við umrætt ákvæði í greinargerð sem fylgdi frumvarpi því sem varð að lögum nr. 50/1993 kemur fram að í skilyrði þess um ólögmæta meingerð felist að um saknæma hegðun sé að ræða. Jafnframt felist í því að gáleysi myndi þurfa að vera verulegt til þess að tjónsatvik yrði talið ólögmæt meingerð. Með vísan til þess sem að framan er rakið verður að telja að sú saknæma og ólögmæta háttsemi starfsmanna barnaverndarnefndar C sem þar er lýst hafi verið verulega gálaus með hliðsjón af þeim mikilsverðu hagsmunum sem í húfi voru fyrir stefnanda og fjölskyldu hans og þar með falið í sér ólögmæta meingerð gegn honum í skilningi b-liðar 1. mgr. 26. gr. laga nr. 50/1993. Á hann því rétt á miskabótum úr hendi stefnda B og er krafa hans að því leyti ófyrnd enda var fjölskylda stefnanda ekki sameinuð fyrr en í maí 2023.

EKKI verður á það fallist með stefnanda að þær aðstæður sem uppi eru í þessu máli séu sambærilegar og þegar maður hefur saklaus hlotið dóm í refsímáli og að

forsendur standi til þess að líta til þeirra dóma sem hann vísar til í slíkum málum við mat á fjárhæð miskabóta. Slík mál eru í eðli sínu ólík þessu máli og því ekki tæk sem fordæmi um fjárhæð miskabóta. Við mat á fjárhæð miskabóta til stefnanda verður að líta til þess að sú saknæma og ólögmeta háttsemi starfsmanna barnaverndarnefndar C sem að framan er lýst varð að mati dómsins ótvírætt til þess að fjölskylda stefnanda var sundruð lengur en ella sem óhjákvæmilega hafði í för með sér verulega tilfinningaröskun og sálartjón fyrir stefnanda. Eðli máls samkvæmt er þó ekki hægt að fullyrða nákvæmlega hversu miklu lengur. Að öllu gættu þykja því miskabætur til stefnanda hæfilega ákveðnar 5.000.000 króna.

G.

Samkvæmt öllu framansögðu verður stefndi B dæmdur til að greiða stefnanda 5.000.000 króna en stefndu að öðru leyti sýknuð af kröfum hans. Að virtri niðurstöðu dómsins að öðru leyti verður ekki á það fallist að sú fjárhæð beri vexti frá umkröfðu tímamarki. Rétt þykir hins vegar að umrædd fjárhæð beri dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá þeim degi er mánuður var liðinn frá því mál þetta var höfðað, sbr. 9. gr. sömu laga.

Að virtum þessum málsúrslitum og að því gættu að stefndu nutu öll aðstoðar sama lögmanns við rekstur málsins þykir með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála rétt að málskostnaður milli aðila falli niður.

Stefnandi fékk útgefið leyfi til gjafsóknar vegna reksturs máls þessa fyrir héraðsdómi hinn 19. apríl 2024, sem takmarkað er við réttargjöld og þóknun lögmanns hans. Gjafsóknarkostnaður hans greiðist því úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans, Jóhannesar Ásgeirssonar, en þóknunin þykir að virtu umfangi málsins og að teknu tilliti til tímaskýrslu lögmannsins hæfilega ákveðin svo sem í dómsorði greinir án virðisauka-skatts.

Dóm þennan kveða upp Hulda Árnadóttir héraðsdómari, sem dómsformaður, Jónas Jóhannsson héraðsdómari og Þorgeir Magnússon sálfræðingur.

Dómsorð:

Stefndu, B, D og E, eru sýknuð af kröfu stefnanda, A, um að viðurkennd verði með dómi óskipt skaðabótaskylda stefndu vegna þess tjóns sem hann varð fyrir á tímabilinu 26. október 2015 til 5. maí 2023 við meðferð barnaverndarmáls sem leiddi til þess að hann var sviptur forsjá barna sinna.

Stefndi, B, greiði stefnanda, A, 5.000.000 króna með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 10. desember 2023 til greiðsludags.

Stefndu, D og E, eru sýknuð af kröfu stefnanda um greiðslu miskabóta.

Málskostnaður á milli aðila fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, þar með talin þóknun lögmanns hans, Jóhannesar Ásgeirssonar, 2.600.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Hulda Árnadóttir

Jónas Jóhannsson

Þorgeir Magnússon